



Úrbótaráætlun skólaárið 2018-2019

Unnið eftir niðurstöðum úr könnun sem gerð var í nóvember 2018

Foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra leikskólans Sóla í nóvember 2018 og svöruðu um 60% foreldra könnuninni. Við fengum niðurstöðurnar í hendur um miðjan desember. Meðstjórnandi tók niðurstöðurnar saman og fór yfir þær með starfsfólki á starfsmannafundi, einnig voru niðurstöðurnar bornar saman við sambærilega könnun sem gerð var í janúar 2018. Ánægjulegt var að fara yfir niðurstöðurnar sem voru almennt mjög góðar og fengum við hlýtt í hjartað við að lesa öll fallegu orðin sem foreldrar skrifuðu til okkar. Ekki furða því það eru metnaðarfullir og reynslumiklir kennarar í húsi sem eru að vinna gott og faglegt starf og augljóst að það er að skila sér í ánægju hjá foreldrum. Margt gott kom út sem styrkir okkur í því góða starfi sem unnið er á Sóla en alltaf má gera betur og er þessi úrbótaáætlun sem hér kemur liður í því.



Könnunin sem gerð var í janúar kom mjög vel út og heildareinkunn Sóla var 9,09 og heilt yfir var mikil ánægja með starfið og líðan barna. En við höfum bætt enn frekar í og í nóvember fengum við ennþá hærri heildareinkunn 9,21 sem við erum mjög stoltar af.



Síðasta vor hófum við tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar í samstarfi við Hjallastefnuna. Það kom kom okkur á óvart hversu fáir þekkja til verkefnisins eða aðeins 65% foreldra. Aftur á móti er mjög ánægjulegt að sjá að 67% eru frekar eða mjög sammála því að tilraunaverkefnið hafi haft jákvæð áhrif á gæði skólustarfsins en aðrir vildu ekki svara eða fannst þetta ekki hafa nein áhrif. 44% foreldra voru mjög eða frekar sammála því að tilraunaverkefnið hefði jákvæð áhrif á líðan barnsins og 36% sögðu hvorki né. Þetta gefur okkur til kynna að stór meirihluti foreldra er ánægður með skólann og finnst skólinn betri eftir að tilraunaverkefnið um styttingu vinnuvikunar hófst. Aftur á móti er augljóst að við þurfum að kynna verkefnið betur fyrir foreldrum, sem við munum bæta úr með frétt eða tölvupósti.



Í könnuninni fengu foreldrar tækifæri á að koma á framfæri atriðum sem betur mætti fara í skólastarfinu og þar komu mörg góð atriði sem við höfum farið yfir og munum vinna í að leysa eða bæta okkur í. Eftirfarandi eru þau atriði:

- Við munum koma skilaboðum til Hjallastefnunnar varðandi fötin að þau mættu vera sterkari og ódýrari.
- Við munum koma skilaboðum til Vestmannaeyjabæjar varðandi óánægju með könnunina um sumarlokun leikskólanna í Vestmannaeyjum. Að hún hafi ekki verið nógu góð, ekki var „annað“ val eða í boði að skrifa athugasemdir.
- Endurskoða morgunmatinn í heild sinni, kanna hvort sé hægt sé að vera með hafragraut alla daga og endurskoða notkun á púðursykri, skipta honum út fyrir döðlur eða sleppa því að vera með súrmjólk.
- Passa að allir hafi sitt sæti í morgunmatnum, líka þeir sem eru gestir á öðru borði en sínu. Þetta verði gert þannig að gestasætin verði merkt.
- Ræða við foreldra að skráning í Karellen sé í samráði við foreldra, hjá flestum hentar það að skrá aðeins frávik frá svefni og matarvenjum. Þetta er samkomulag milli hópstjóra og foreldra, við hvetjum foreldra að vera í sambandi við sína hópstjóra og láta vita af óskum sínum.
- Fjarlægja lyktareyðandi sprengi af starfsmanna salernum, þau geti verið heilsuspillandi
- Fá styrk til að kaupa hjálma til að nota á hjólunum.

Þó hér hafi verið hnykktt á nokkrum atriðum þá er listinn ekki tæmdur hvað faglega umræðu varðar.



98 % foreldra eru sammála því að vel sé tekið á móti barninu þegar það kemur í skólann, 1% sagði hvorki né og 1% var ósammála. Þó að þetta sé mjög lítil prósentu og aðeins eitt foreldri þá er þetta einu foreldri of mikið og munum við því leggja áherslu að taka extra vel á móti öllum börnum.

99% foreldra voru ánægð með samskipti starfsfólks og barnanna í skólanum og engin var óánægður, sem eru frábærar fréttir.

100% foreldra voru sammála því að barninu liði vel þegar það er sótt í lok dvalartíma, 86% mjög sammála og 14% frekar sammála, sem er mjög ánægjulegt



Við erum stolt af flottum niðurstöðum og þær styrkja okkur enn frekar í starfi, það er ætlun okkar að skapa metnaðarfullan og góðan leikskóla í okkar fallega umhverfi. Þátttaka hefði mátt vera betri, en við skrifum það á að þegar könnunin var lögð fram voru töluvert margar kannanir í gangi í skólasamfélaginu í Vestmannaeyjum, m.a. varðandi sumarlokun leikskólanna og vetrarfrí Grunnskólans. Markmiðið er að fá betri þátttöku í næstu könnun.

